

# Fundur í stjórn foreldrafélagsins 16. október 2012

## **Mættir voru:**

Erla Rán, Vaka, Sigríður, Berglind, Áshildur, Höskuldur, Sólveig

## **Hafragrautur:**

Umræður um hafragraut. Vaka ætlar að ræða á skólaráðsfundi hvort vilji sé fyrir hafragraut og í framhaldi af því verður rætt um hvernig foreldrafélagið kemur að grautnum.

## **Eyrunarhlífar:**

Búið er að kaupa eyrna/heyrunarhlífar í Múrbúðinni. Til voru 35 stykki sem voru keypt og er í athugun hvort hægt sé að fá fleiri.

## **Verkaskipting:**

Stjórnin skipti með sér verkum.

Formaður: Vaka

Gjaldkeri: Áshildur

Ritari: Erla Rán

Fulltrúi í Samtaka: Sigríður og Áshildur

## **Samtaka/Baujan:**

Sigríður ætlar að ræða í Samtaka hvort vilji sé til að fá Bauju - námskeið fyrir námsráðgjafa norður.

## **Bekkjarkvöld:**

Vaka er búin að senda póst á alla hópstjóra til að minna á bekkjarkvöldin. Enginn í foreldrafélaginu var búinn að fá meldingu um fyrirhuguð bekkjarkvöld.

## **Spil:**

Umræður um að kaupa fleiri spil fyrir skólann og Frístund. Berglind ætlar að skoða málið.